

Evaluation Only. Created with Aspose.Words. Copyright 2003-2015 Aspose Pty Ltd.

## Fundargerð háskólaráðs 9. nóvember 2016

### Guðmundarstofa kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

**Mætt:** Vilhjálmur Egilsson rektor, Finnbjörn Börkur Ólafsson fulltrúi starfsmanna, Einar Svansson fulltrúi kennara, Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype), Hróðný Kristjánsdóttir fulltrúi meistaranema, Berglind Sunna Bragadóttir fulltrúi grunnnema, Andri Már Ágústsson fulltrúi grunnnema (Skype).

**Fjarverandi:** Haraldur Líndal Haraldsson fulltrúi grunnnema, Svandís Elísa Margrét Leósdóttir fulltrúi háskólagáttar, Auður H. Ingólfssdóttir fulltrúi kennara, Anna Elísabet Ólafsdóttir staðgengill rektors og Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu.

**Áheyrnarfulltrúar:** Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri, Ólafur Ísleifsson gæðastjóri og Íris Gunnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi íbúaráðs.

Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

#### 2. Stefna skólans 2017 - 2020

Rektor fór yfir stefnumótunarskjal sem er enn í mótun og er framhald af stefnumótunarfundinum í september. Stefnt á að taka þetta fyrir aftur á næsta fundi. Stefna skólans sem slík verður til í framhaldi af stefnumótunarfundinum og verður afgreidd í stjórn skólans samhliða fjárhagsáætlun.

#### 3. Gæðamál

Gæðastjóri vísar til nýrrar reglugerðar skólans frá 1. ágúst og að skv. henni er skipulag gæðamála í föstum skorðum, þar er ferli breytinga á skjölum í gæðahandbókinni lýst. Endurskoðun gæðahandbókar hefur átt sér stað og uppfærslur hafa verið gerðar vegna reglugerðar breytingarinnar 1. ágúst. Gæðahandbókin er í stöðugri endurskoðun, með skýrari og notendavænni hætti.

Gæðastjóri dreifir skjali F350, uppkast að reglugerð um endurskoðun á gæðum námsbrauta. Gæðastjóri ítrekar að skólinn starfi á grundvelli evrópskra regla og staðla sem eru aðgengilegir á netinu. Hann vekur athygli á skjalið sé í meðferð í deildarráðum skólans og gert er ráð fyrir að þau geri athugasemdir með skriflegum hætti. Þegar þær hafa komið fram þá verður þær skv. reglugerð skólans sendar framkvæmdastjórn skólans til afgreiðslu.

#### 4. Viðræður við menntamálaráðuneyti

Rektor gerir grein fyrir að þjónustusamningur við ráðuneytið er að renna út. Unnið hefur verið að því að gera nýjan samning, en óvissa er í ráðuneytinu og það vill framlengja núverandi samning um eitt ár. Unnið er samkvæmt því.

**5. Fjármál – fjárhagsáætlun 2017**

Rektor ræddi fjármögnun skólans. Var þokkalega fjármagnaður fyrir þetta ár. Tvö vandamál hafa komið upp núna. Nýnemum hefur fækkað og áform um tekjur af símenntun hafa ekki gengið eftir. Ef ekki fæst meiri fjárveiting þá er staðnámið í hættu. Einnig hefur undirfjármögnun hamlandi áhrif á getu skólans til að þróa nýjar námsbrautir.

Nokkur bjartsýni eftir síðasta fund með menntamálaráðuneytinu. Bifröst tók saman hvaða fjármagn þarf til handa skólanum. Tillögur voru settar fram og viðræður munu halda áfram.

Fjármálastjóri kynnti 9 mánaða uppgjórið. Gert er ráð fyrir jafnvægi í fjárhagsáætlun 2016 og það er þannig að mestu leiti. Tap í uppgjöri skýrist af nokkrum þáttum svo sem símenntun, vaxtakostnaði og kynningarkostnaði.

**6. Aðgerðir gegn brottfalli**

Rektor ræddi og upplýsti um aðgerðir gegn brottfalli. Eins og fram kemur í stefnuskjalinu er stefnt að því að vinna markvisst gegn brottfalli.

**7. Undirbúningur MBL náms**

Rektor kynnti nýtt meistaranám í lögfræði. Lögfræðinám með sérhæfingu.

**8. Umsóknir og innritanir á vorönn**

Er rétt að byrja og markaðssetning í startholunum.

**9. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 16.30

Fundarritari: Finnbjörn Börkur Ólafsson